


# Loksins, loksins – tillaga að vernd og nýtingu náttúrusvæða

Eftir Gísla Má Gíslason



Gísli Már Gíslason

Kynnt hafa verið drög að þingsályktunartillögu um ramma-áætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Þar er rökstudd framtíð-arnýting 69 virkjanakosta og skiptast þeir nokkurn veginn í þrjá jafnstóra flokka, 1) nýtingu til orkuöflunar, 2) bið-flokkur sem skoðaður verður betur og 3) náttúruverndarflokk. Flokkunin er vel rökstudd og er ánægulegt að allir í verkefnastjórninni, sérfræðingarnir sem stýrðu fag-flokkunum og embættismenn eins og orkumálastjóri, hafa komist að samhljóða niðurstöðu. Eitt þeirra svæða, sem hefur verið deiluefni í 42 ár, Þjórsárver, er loksins sett í verndarflokk. Landsvirkjun hefur haft augastað á Þjórsárverum til orkuöflunar með því að færa þau undir lón síðan 1969, en svæðið tekur til þess svæðis sem heiðargæsin nýtir, þ.e. frá Kjálkaveri í vestri og

austur í Háumýrar (samanber bók Peters Scotts og James Fishers: A thousand Geese, 1953). Náttúruverndarráð náði samkomulagi við Landsvirkjun árið 1981 um að veita austurþverám Þjórsár og upptakakvísulum hennar á Sprengjusandi í Þórsvatn og nú framleiðir þetta vatn ásamt Tungnaá um þrefalt

meira rafmagn en fyrstu tillögur Landsvirkjunar gerðu ráð fyrir 1969. Þrátt fyrir samkomulagið hefur verið reynt að þvinga fram frekari veituframkvæmdir í andstöðu við samkomulagið frá 1981. Sem betur fer hafa núna allir fallist á að Þjórsárver vestan Þjórsár fái þann sess í íslenskri náttúru sem þeim ber. Þó eru enn úrtölmenn í hópi þingmanna og fréttastofu Stöðvar 2, sem reyna að sannfæra Íslendinga að nýtt lón í Þjórsárverum snerti þau ekki, með því að setja Þjórsárver annars staðar á kort en þau eru og flytja þau inn fyrir friðlandsmörkin frá 1981, sem náðu ekki utan um þá

» Allir þeir sem koma að náttúruvernd og orkunýtingu munu fagna þingsályktunartillögunni, sem mun leiða til friðar um orkuöflun í framtíðinni.

landfræðilegu og vistfræðilegu heild sem Þjórsárver eru. Allir þeir sem koma að íslenskri náttúruvernd eða nýtingu svæða til orkuöflunar fagna þingsályktunartillögunni, sem hefur verið unnin af fagfólki, bæði þeim sem rannsaka íslenska náttúru og nýtingu hennar og embættismönnum sem hafa unnið að því að setja sem mest land undir orkuframleiðslu. Vonandi fellst alþingi á þessa tillögu og samþykkir hana til að skapa frið um nýtingu náttúrunnar.

Höfundur er prófessor í vatnalíffræði við HI og formaður Þjórsárveranefndar, sem er stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni Þjórsárvera.